

Fundur í skólaráði 9. október 2020. Fundargerð.

Mættir: Jörundur, Ottó, Dögg, Guðrún, Henný, Eva Halldóra (varamaður fyrir Kristófer Nökkva), Ólafur auk skólastjóra sem ritar fundargerð.

Fundað var í gegnum fjarfundabúnað.

Fyrst var starfsáætlun skólans tekin til umfjöllunar og hún samþykkt án athugasemda. Á það var þó bent að Eva Halldóra leysi Friðmeyju af fram í apríl og mætti geta þess í starfsáætlun.

Skólastjóri kynnir helstu niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2020 og Skólapúlsinum 2019-20, forvarnaráætlun og forvarnarteymi. Niðurstöður úr Ungt fólk 2020 eru á þann veg að mikilvægt er að bregðast við með markvissum hætti. Hefur forvarnarteymi með aðkomu skólans, þjónustumiðstöðvar og félagsmiðstöðvar verið komið á fót. Fylgjast skrifstofustjórar skóla- og frístundamála með vinnu teymisins. Foreldrar töldu mikilvægt að veita foreldrum upplýsingar um niðurstöðurnar. Þessar niðurstöður eru þó trúnaðarmál og ekki unnt að birta þær í heild sinni en hægt að greina frá því að við komum ver út úr en aðrir. Lögð var áhersla á að viðbrögð við þessum niðurstöðum væri samstarfsverkefni heimila, frístundar og skóla. Sýndi skólastjóri og vísaði til forvarnaráætlunar skólans og námsráðgjafi gerði stutta grein fyrir hvaða fræðslu/fyrirlesturum nemendum er boðið upp á í forvarnarskyni.

Skólastjóri greindi frá því að nemenda,- og starfsmannþing yrðu með breyttu sniði. Foreldraþingi yrði frestað.

Önnur mál voru ekki borin upp.

Fundi slitið.